



**9. fundur stjórnarnefndar Þjóðskjalasafns Íslands miðvikudaginn 28. nóvember 2018
kl. 12 haldinn í húsakynnum safnsins að Laugavegi 162 í Reykjavík.**

Fundinn sátu Anna Agnarsdóttir formaður, Jóhanna Gunnlaugsdóttir, Helga Jóna Eiríksdóttir, Svanhildur Bogadóttir og Guðmundur Jónsson. Gunnar Gíslason komst ekki á fundinn. Enn fremur sátu fundinn Eiríkur G. Guðmundsson þjóðskjalavörður, Anna Elínborg Gunnarsdóttir fjármálastjóri og Hrefna Róbertsdóttir sviðsstjóri varðveislu- og miðlunarviðs Þjóðskjalasafns sem ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Ársskýrsla Þjóðskjalasafns 2017.
2. Staða rekstraráætlunar 31. okt 2018.
3. Samantekt verkefnis við frágang þrotabúa.
4. Húsnæðismál Þjóðskjalasafns.
5. Um eftirlitskönnun með starfsemi héraðsskjalasafna.
6. Hugmyndir um úthlutun rekstrarstyrks héraðsskjalasafna.
7. Starfslok Þjóðskjalavardar.
8. Frágangur fundargerðar.

Anna Agnarsdóttir formaður setti fund, síðasta fund núverandi stjórnarnefndar, og bauð fundarmenn velkomna. Síðan var gengið til boðaðrar dagskrár.

1. Ársskýrsla Þjóðskjalasafns 2017.

Þjóðskjalavörður Eiríkur G. Guðmundsson kynnti nýútkomna ársskýrslu fyrir árið 2017. Í henni er m.a. gerð grein fyrir öllum helstu verkefnum síðasta árs, rekstrarmálum, erlendu samstarfi ásamt lista yfir innkomin skjalasöfn.

Til máls tóku: Anna Agnarsdóttir, Guðmundur Jónsson, Helga Jóna Eiríksdóttir, Jóhanna Gunnlaugsdóttir, Anna Elínborg Gunnarsdóttir og Hrefna Róbertsdóttir.

2. Staða rekstraráætlunar 31. október 2018.

Fjármálastjóri Anna Elínborg Gunnarsdóttir gerði grein fyrir stöðu rekstrarins og dreifði rekstraráætlun miðað við 31. október. Reksturinn er í góðu jafnvægi.

Til máls tóku: Anna Agnarsdóttir, Jóhanna Gunnlaugsdóttir og Guðmundur Jónsson.

3. Samantekt verkefnis við frágang þrotabúa.

Þjóðskjalavörður lagði fram greinargerð Helgu Jóna Eiríksdóttur dags. 22.11.2018, Uppgjör á verkefni við frágang og skráningu þrotabúa 2017-2018. Helga Jóna greindi frá verklagi við frágang, grísjun og varðveislu. Rætt um hlutverk skiptastjóra almennt í varðveislu skjala frá þrotabúum.

Til máls tóku: Helga Jóna Eiríksdóttir, Jóhanna Gunnlaugsdóttir, Guðmundur Jónsson, Svanhildur Bogadóttir, Eiríkur G. Guðmundsson og Anna Agnarsdóttir.



4. Húsnæðismál Þjóðskjalasafns.

Þjóðskjalavörður kynnti stöðu húsnæðismála Þjóðskjalasafns og lagði fram minnisblað sem sent var til mennta- og menningarmálaráðuneytis dags. 30.10. 2018. Staðan er ekki góð, hætt hefur verið viðtöku skjalasafna og framkvæmdir hafa ekki hafist í fyrirhuguðum geymslum í húsi 5.

Til máls tóku: Anna Agnarsdóttir, Guðmundur Jónsson og Jóhanna Gunnlaugsdóttir.

5. Um eftirlitskönnun með starfsemi héraðsskjalasafna.

Þjóðskjalavörður kynnti þriðju eftirlitskönnun Þjóðskjalasafns með starfsemi héraðsskjalasafna, sem gerð var árið 2017 og helstu niðurstöður hennar. Rafræn könnun var send út til allra 20 héraðsskjalasafnanna og svöruðu allir könnuninni. Útgáfa á heildarniðurstöðum á prenti er á næsta leyti og verður birt opinberlega. Einstök héraðsskjalasöfn og rekstraraðilar þeirra fá skýrslu um sín söfn, svo og Samband íslenskra sveitarfélaga og mennta- og menningarmálaráðuneytið. Svanhildur Bogadóttir skýrði út sjónarmið héraðsskjalavarða um könnunina og greindi frá óánægju héraðsskjalavarða með ferlið við vinnslu skýrslunnar. Einnig var óánægja með að til hafi staðið að birta niðurstöður fyrir einstök söfn opinberlega. Þjóðskjalavörður greindi frá því að tekið hafi verið tillit til athugasemda sem bárust.

Til máls tóku: Anna Agnarsdóttir, Svanhildur Bogadóttir, Guðmundur Jónsson, Helga Jóna Eiríksdóttir, Jóhanna Gunnlaugsdóttir, Anna Elínborg Gunnarsdóttir og Eiríkur G. Guðmundsson.

6. Hugmyndir um úthlutun rekstrarstyrks héraðsskjalasafna.

Þjóðskjalavörður kynnti tillögu samráðshóps opinberra skjalasafna (Þjóðskjalasafns og héraðsskjalasafna), um skiptingu rekstrarframlags til héraðsskjalasafna fyrir árið 2019. Mörg héraðsskjalasöfn hafa mótmælt því að tillagan taki gildi árið 2019. Á grundvelli þess hefur þjóðskjalavörður ákveðið að úthlutun verði óbreytt á næsta ári, og nýjar reglur verði settar fyrir árið 2020 fyrir lok árs 2018.

Til máls tóku: Svanhildur Bogadóttir, Guðmundur Jónsson, Anna Elínborg Gunnarsdóttir, Helga Jóna Eiríksdóttir og Eiríkur G. Guðmundsson.

7. Starfslok Þjóðskjalavarðar.

Þjóðskjalavörður fer á eftirlaun 1. mars næstkomandi. Starf þjóðskjalavarðar hefur verið auglýst laust til umsóknar. Anna Agnarsdóttir þakkaði þjóðskjalaverði kærlega fyrir frábært samstarf á liðnum árum og fyrir framúrskarandi uppbyggingu á starfsemi Þjóðskjalasafns. Guðmundur Jónsson þakkaði einnig fyrir margar góðar breytingar sem orðið hafa á liðnum árum. Jóhanna Gunnlaugsdóttir lýsti góðum breytingum og fagnaði auknu samstarfi við námsbraut og nemendur í skjalastjórn, svo og auknu og bættu samstarfi við starfandi skjalastjóra. Svanhildur Bogadóttir þakkaði fyrir langt og gott samstarf á liðnum 17 árum og fagnaði nýjum brag á safninu undir stjórn núverandi þjóðskjalavarðar. Helga Jóna Eiríksdóttir nefndi hugmyndina um hollvinasamtök, sem



hlaut góðan hljómgrunn. Eiríki G. Guðmundssyni var að lokum af öllum óskað góðs gengis í framtíðinni.

Núverandi stjórnarnefnd lýkur störfum 30. nóvember næstkomandi skv. skipunarbréfum frá mennta- og menningarmálaráðuneyti. Eiríkur þakkaði nefndinni kærlega fyrir gott samstarf.

Til máls tóku: Anna Agnarsdóttir, Guðmundur Jónsson, Jóhanna Gunnlaugsdóttir, Svanhildur Bogadóttir og Helga Jóna Eiríksdóttir.

8. Frágangur fundargerðar

Fundargerðin lesin og samþykkt.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 14:10